

Nd.

492. Nefndarálit

[128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta, sem hlotið hefur samþykkt háttv. Ed., hefur verið athugað og rætt í nefndinni. Eru nefndarmenn sammála um, að þeirri undanþáguheimild fyrir erlend veiðiskip til löndunar afla hér á landi, sem í frumvarpinu felst, eigi að beita mjög varlega, ef að lögum verður, og eingöngu, þegar sérstaklega stendur á. Telur nefndin það höfuðsjónarmið laga nr. 33 frá 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, að ekki beri að auðvelda erlendum veiðiskipum fiskveiðar á Íslandsmiðum, vera í fullu gildi.

Hins vegar viðurkennir nefndin, að stundum geti ýmis tilvik verið þannig, að rétt sé að opna þá leið til frávika frá meginreglunni, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, m. a. með tilliti til vinsamlegra samskipta við aðrar þjóðir og þarfa íslensks fiskiðnaðar, þegar um hráefnisskort er að ræða.

Að þessu athuguðu mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins í trausti þess, að fyllstu varfærni verði gætt, þegar til þess kemur að veita undanþágur samkvæmt því.

Einn nefndarmanna, EKJ, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 18. apríl 1969.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Jón Skaftason.	Lúðvík Jósefsson.
Pétur Sigurðsson.	Björn Pálsson.	Guðl. Gíslason.